



Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar



Samkeppnir

Sagt frá niðurstöðum þriggja hönnunarsamkeppna á vegum hins opinbera í Reykjavík

Landsímareitur Kvosin tillaga

Unnin hefur verið deiliskipulagstillaga á grunni vinningstillögu hugmynda-samkeppni

Bláa Tunnan

Nýtt fyrirkomulag varðandi sorpflokkun í Reykjavík kynnt undir slagorðinu „Pappír er ekki rusl“

Leiðari

Í þessu fyrsta tölublaði af Borgarsýn árið 2013 er vel við hæfi með hækkanði sól og jafndægur á næsta leiti að líta aðeins í baksýnisspegilinn og svo fram á veginn.

Jólaborgin Reykjavík hefur sjaldan eða aldrei verið eins falleg og viðburðarík og síðastliðin jól. Því er ekki síst að þakka samstarfsaðilum borgarinnar sem lögðust á eitt að skapa verðuga jólaumgjörð sem borgarbúar nýttu sér til fullnustu. Líkt og jólaborgin kom skemmtilega á óvart þá er verkefnið „Torg í biðstöðu“ frábær dæmi um það hvernig tímabundnir viðburðir geta lifgað upp á borgarumhverfið og endurskapa svæði sem að öllu jafna eru frátekin fyrir aðra starfsemi. Verkefnið var unnið

í samstarfi borgarinnar og hinna ýmsu hópa sem fengu talsvert frjálrsræði með að þróa frumlegar og skemmtilegar hugmyndir að útfærslu svæðanna og fylgja þeim síðan eftir til framkvæmda. Torg í biðstöðu fékk hönnunarverðlaun Grapevine árið 2012 en í umsögn dómnefndar kemur fram að verkefnið sýni vel hvernig megi lifga upp á nær-umhverfi borgarinnar með frumlegum og útsjónarsömum lausnum.

Skipulagssamkeppnir á seinasta ári voru margar en þar ber hæst Landsímareitur. Tillagan felur í meginatriðum í sér að þróa uppbyggingu á reitnum með tilliti til þeirrar byggðar sem fyrir er á svæðinu. Haldið er í gömlu húsinn við Vallarstræti og Aðalstræti en á milli þeirra verður komið fyrir fingerðum nýbyggingum sem styrkja þá starfsemi sem snýr að Ingólfs-torgi. Einnig er gert ráð fyrir nýbyggingu við Kirkjustræti. Landsímareiturinn er í

hjarta miðborgarinnar og hafa borgaryfirvöld ásamt verðlaunahöfundum tillögunnar, ASK arkitekta, lagt mikla áherslu á að vanda sérstaklega til verka.

Árið 2013 verður viðburðaríkt skipulagsár. Nýtt aðalskipulag sem nú er til umfjöllunar í borgarstjórn verður auglýst með formlegum hætti og vinna við hverfisskipulag fyrir öll hverfi borgarinnar með vistvænar áherslur í öndvegi er að fara stað. Verkefnið „Pappír er ekki rusl“ sem einnig er til umfjöllunar í þessu tölublaði er eitt gott dæmi um þær vistvænu áherslur sem settar verða í forgang við gerð hverfisskipulags.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi umhverfis- og skipulagssviði

Betri hverfi 2013

Rafræn kosning verður dagana 4.-11. apríl þar sem íbúar Reykjavíkur geta kosið milli verkefna í sínu hverfi

Betri hverfi 2013 er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar um smærri nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni í öllum hverfum borgarinnar. Fjármagn er alls 300 milljónir og skiptist á milli hverfa samkvæmt fastri fjárhæð og íbúafjölda. Um er að ræða verkefni til að bæta umhverfi og möguleika til útivistar og samveru, bæta aðstöðu eða tækifæri til leikja eða afþreyingar, hvetja til aukinna hjólræða eða bæta aðstöðu og möguleika gangandi eða notenda strætó.

Opið var fyrir innsendingu hugmynda í Betri hverfi frá 14. janúar til 15. febrúar

2013 og var hægt að setja inn hugmynd á vefinn betrireykjavik.is eftir að hafa skráð sig inn sem notanda. Rafræn kosning verður dagana 4. – 11. apríl þar sem íbúar Reykjavíkur, 16 ára og eldri, geta þá kosið verkefni í hvaða hverfi sem er, óháð búsetu, en þó aðeins í einu hverfi. Niðurstaðan er bindandi og í framhaldinu verða verkefni úr rafrænu kosningunni hönnuð, boðin út og framkvæmd út árið 2013.

Verkefnið byggir á hugmyndum um umræðulýðræði, þáttökulýðræði, þáttökufjárhagsáætlunargerð – að



virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku, umfram það sem gerist í hefðbundnu fulltrúa-lýðræði. Byggt er á reynslu fyrri ára en jafnframt leitað í smíðju sérfræðinga og annarra borga um heiminn þar sem þáttökufjárhagsáætlunargerð hefur verið reynd.

Pappír er ekki rusl

Nýtt fyrirkomulag varðandi sorphlokkun á heimilum í Reykjavík - sífellt fleiri heimili panta bláu tunnuna

Reykvikingar munu eftirleidis henda pappír, pappa, dagblöðum, tímaritum, fernum og skrifstofupappír í bláa endurvinnslutunnu, grenndargáma eða aðrar endurvinnslutunnur í hverfum sínum. Þetta er í samræmi við breytta og betri sorphirðu í Reykjavík. Breytingin er kynnt undir slagorðinu „Pappír er ekki rusl“ í hverju borgarhverfi fyrir sig. Kynning hefur þegar farið fram á Kjalarnesi og í Grafarholti, Árbæ, Grafarvogi, Norðlingaholti og Breiðholti og verður einnig fest í sessi í Háaleiti og Laugardal í mars, í apríl í Hlíðum og miðborginni og um miðjan maí í Vesturbæ.

Bæklingur er borinn í hvert hús með upplýsingum um hvaða pappír beri að flokka frá rusli á heimilum og öflug heimasíða, pappirerekkirusl.is, skýrir

málið í smáatriðum fyrir borgarbúum og þar er einnig hægt að panta bláa tunnu. Allir vita að dagblöð eiga að fara í endurvinnslutunnur en ef til vill vita færri hversu fjölbreyttur pappír má fara í slíkar tunnur. Matarumbúðir eru stór þáttur af þeim pappír og pappa sem flokka þarf frá rusli, mjólkur- og safafurnur, morgunkornskassar og aðrar slíkar umbúðir. Mikið magn af sléttum pappír berst því óneitanlega milli verslana og heimila.

Flestallir kaupmenn og fjölmiðlar sem Reykjavíkurborg hefur haft samband við fagna þessari breytingu hjá Reykjavíkurborg og vilja leggja lóð sitt á vogarskálina. Kynningin á breytti sorphirðu verður því einnig áberandi í matvöruverslunum því umbúðir verða merktar

Í dag eru rúmlega 5.600 bláar tunnur í Reykjavík og hefur þeim fjölgað um 2.500 síðan í ágúst 2012.

Reykvikingar geta pantað tunnu og leitað allra upplýsinga á heimasíðunni pappirerekkirusl.is

Bláa tunnan kostar aðeins 542 krónur á mánuði eða 6.500 krónur á ári.

sérstaklega með þeim orðum að þær séu ekki rusl og fólk er vinsamlegast beðið um að stinga þeim í bláa tunnu eða grenndargám eftir notkun. Einnig hafa prentuð dagblöð tekið því vel að merkja blöðin með ábendingum um að skila þeim til endurvinnslu, t.a.m. skipta hverfablöðin í Reykjavík um haus þannig að á honum standi t.d. „Breiðholtsblaðið er ekki rusl, settu mig í bláu tunnuna“.

Reykvikingar geta pantað tunnu og leitað allra upplýsinga á heimasíðunni pappirerekkirusl.is og þar kemur m.a. fram að hægt er að spara sorphirðugjöld með því að skipta út einni grárri tunnu fyrir aðra bláa. Þar má einnig finna margar tillögur að því hvernig hægt er að skipa ruslinu í dala í eldhúsinu, hvað verði um pappírinn og þar má finna sorphirðudagatal og kort yfir grenndargáma o.fl. Reykjavíkurborg vill kynna þessa breytingu vel og í einu hverfi í einu með því að senda upplýsingar í hvert hús. Húsfélög fá sérstaka kynningu og geta þau pantað veggspjöld og slæðukynningu. Loks má geta þess að á heimasíðunni er öllum helstu spurningum svarað sem líklegt er að upp komi.

Bláa tunnan kostar aðeins 542 krónur á mánuði eða 6.500 krónur á ári. Með því að flokka allan pappír frá heimilis-sorpinu geta heimili sparað sér veruleg sorphirðugjöld. Umfang venjulegs heimilissorps minnkar þegar pappírinn er flokkaður frá og því er auðvelt að skipta út grárri tunnu sem tæmd er á 10 daga fresti og fá í staðinn græna tunnu sem tæmd er á 20 daga fresti.



Torg í biðstöðu

Árið 2012 var unnið á 17 svæðum – gerðar voru tilraunir með svæði í úthverfum

Þegar svæði er skilgreint sem biðsvæði þýðir það að óvissa er um framtíðar-notkun þess. Megin tilgangur biðsvæða-verkefna er fyrst og fremst að stuðla að sjálfbærri þróun svæðanna, auka fjölbreytta notkun almennings á þeim og fá almenning, íbúa, rekstraraðila og aðra hagsmunaaðila til að sjá möguleikana sem felast í svæðinu og taka þátt í að þróa það. Biðsvæðaverkefni bjóða upp á þann möguleika að gera tilraunir með tímabundin verkefni, gefa skapandi hugmyndum tækifæri án þess að fara þurfi í dýrar framkvæmdir, ásamt því að oft koma mjög óvæntar útkomur úr verkefnum sem erfitt hefði verið að koma auga á fyrirfram. Verkefnin eru tilraunir sem gefa vísbendingar um aðstæður á

svæðunum varðandi notkun, vandamál og möguleika. Þá er hægt að nýta sér þá reynslu til skilgreiningar á svæðunum og ákvarðanatöku um framtíð þeirra.

Árið 2012 var unnið á 17 svæðum og töluverður árangur náðist á um helmingi þeirra, sem leitt hefur til áhuga almennings og hagsmunaaðila á nýtingu svæða sem áður voru illa eða jafnvel ekkert nýtt. Sú nýbreytni var gerð árið 2012 að farið var í úthverfin með verkefni og svæði þar skoðuð. Þar voru hópstjórar ráðnir til að sjá um að framkvæma og prófa hluti. Um tilrauna-verkefni var að ræða og í ljós kom að mun meiri samskiptavinnu þurfti að hafa í úthverfum en í miðborginni. Úthverfin

Biðsvæði 2013

Líklegir staðir fyrir næsta sumar

Úthverfi:	Miðborg:
Arnarbakki	Bernhöftstorfa
Álfheimar	Hafnarsvæðið
Árbæjartorg	Hlemmur
Grimsbær	Hverfisgata
Hverafold	Káratorg
Laugalækur	Lindargata
Markúsartorg	Vitahverfi
Stórholt	
Túnin	
Þorláksgæisli	
Ægisíða	

þarfnast því meira úthalds en svæði í miðborginni. Í miðborg voru hópar ráðnir sem voru fengnir til að taka að sér svæði tímabundið yfir sumartímann. Reynsla hafði fengist frá 2011 af þeim vinnubrögðum sem reyndist vel. Fyrir 2013 verða hópar ráðnir til að taka að sér svæði í miðborginni líkt og áður hefur verið gert, meðan í úthverfum þá verður farið í að veita smærri styrki til áhugasamra aðila í stað innsetningarvinnu eingöngu. Til að slíkt geti gengið þarf að koma á góðum samskiptum við íbúa og hagsmunaaðila í kringum hvert svæði.

Grapevine Design Awards 2013

Þann 1. mars 2013 afhenti tímaritið Grapevine sín árlegu hönnunarverðlaun, en þar hlaut verkefnið 'Torg í biðstöðu' sérstök verðlaun sem verkefni ársins 2012. Í umsögn dómnefndar kemur fram að verkefnið Torg í biðstöðu hefur mikil áhrif og sýnir hvernig hönnun og hugsunarháttur hönnunar getur breytt ýmsu í samfélaginu og nærumhverfinu þrátt fyrir takmarkað fjármagn og fyrirhöfn.



Valdar staðsetningar af nokkrum biðsvæðaverkefnum 2012



Jólaborgin Reykjavík

Miðborg Reykjavíkur hefur sjaldan verið eins skrautleg og skemmtileg og full af viðburðum og síðustu jóla

Jólaborgin Reykjavík hefur sjaldan verið eins skemmtileg og full af viðburðum líkt og síðastliðinn jóla. Jólaborgin var afrakstur sameiginlegs átaks Reykjavíkurborgar og samstarfsaðila á höfuðborgarsvæðinu um að auka enn frekar jólastemninguna í borginni í desember. Dagskráin var margskonar og má þá nefna jóladalinn í Laugardal, jólabæinn á Ingólfstorgi, jóladagskrá í Þjóðminjasafninu og Árbæjar-safni, jóladagatal Norræna hússins, jóla-tónleika í Hallgrímskirkju, jóladagskrá í Hörpu, gamla höfnin sem fór í jólabúning og margt fleira skemmtilegt.

Jólaborgin Reykjavík hefur fyrir löngu hlotið fastan sess í hugum og hjörtum íbúa hennar og landsmanna allra og eru erlendir gestir farnir að sækja landið heim til að upplifa töfra íslenskra jóla. Hróður borgarinnar hefur borist víða, en

bandaríski fjölmiðillinn CNN hefur tvö síðustu ár útnefnt Reykjavík sem eina af þremur eftirsóknaverðustu jólaborgum heims.

Að venju færðu íbúar Osló Reykjavíkingum grenitré að gjöf sem var sett upp á Austurvelli eins og vanalega. Borgarbúar fögnuðu vinagjöfinni fyrsta sunnudag í aðventu með hátíðlegum söng og skemmtilegum uppákomum.

Síðastliðið ár bauð jólaborgin íslensku jólavættunum að hreiðra sig á húsveggjum víðsvegar um borgina. Jólavættirnir birtust landsmönnum fyrst um síðustu jóla. Þetta árið var kallað til fleiri fjölskyldumeðlima sem birtust víðsvegar um borgina í byrjun aðventunnar. Samhliða því var boðið upp á spennandi ratleik fyrir alla fjölskylduna sem fólst í

því að finna vættina og svara einföldum spurningum um þá. Í hópi jólavættanna voru íslensku jólasveinarnir, grýla, leppalúði, jólakötturinn og nýja jólavættin hvalurinn Rauðhöfði.

Strætóstop piststöðin Hlemmur var sett í jólabúning og var skreytt í anda kvikmyndarinnar Christmas Vacation sem þýðir að lögð var áhersla á magn jóla-skrauts umfram gæði. Alla laugardaga í desember bauð Reykjavíkurborg upp á tónleikaröðina "Hangið á Hlemmi". Tónleikarnir hófust óstundvíslega kl. 15:00. Í anda ofgnóttar og fortiðarþráhyggju var frítt á tónleikana og aðeins vinsælar og skemmtilegar hljómsveitir spiluðu við góðar undirtektir áhorfenda.



Landsímareitur / Kvosin

Unnin hefur verið deiliskipulags- tillaga á grunni vinningstillögu hugmyndasamkeppni



Sumarið 2012 voru birtar niðurstöður í hugmyndasamkeppni um uppbyggingu í miðborg Reykjavíkur við Ingólfstorg/Kvosin. Alls bárust 68 tillögur í samkeppnina. Fyrstu verðlaun í samkeppninni hlutu ASK arkitektar og síðan hefur verið unnin deiliskipulags-tillaga á grunni vinningstillögunnar sem fer brátt í almennt kynningarferli. Skipulagssvæðið er í Kvosinni og afmarkast af Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti og Kirkjustræti en afmörkun skipulagssvæðis er þengri en það var í samkeppninni, þar sem Ingólfstorg er undanskilið. Forsagan er sú að árin 2008 og 2009 voru auglýstar breytingar á deiliskipulagi reitsins vegna óska lóðarhafa um að nýta upp-

byggingarheimildir en vegna athugasemda sem bárust við auglýstri tillögu ákvað Skipulagsráð Reykjavíkur að efna til opinnar hugmyndasamkeppni um framtíðarsýn fyrir svæðið.

Svæðið snertir þrjú mikilvæg almenningssvæði í miðborginni; Austurvöll, Ingólfstorg og Víkurgarð, sem hvert um sig gegna ákveðnu hlutverki. Austurvöllur er eftirsóttur sem „grænn“, samverustaður, torg með grænt yfirbragð og vinsæll áningarstaður með veitingasölu utanhúss. Ingólfstorg er mikið nýtt fyrir skipulagða viðburði og er einnig samkomustaður ýmissa hópa sem nýta sér séreinkenni torgsins. Víkurgarður er í senn grafreitir og

torg með mikilvægt menningarlegt hlutverk, torg friðsældar.

Á reitnum má finna nokkur af elstu húsum Reykjavíkur. Eitt megin einkenni reitsins er mikill fjölbreytileiki í byggingarstil og hve byggingarsagan spannar vitt tímabil í byggingarsögunni. Aðalstræti og Kirkjustræti eru elstu stræti borgarinnar og þar er einnig að finna elsta tré höfuðborgarinnar.

Í tillögunni er reitnum í meginatriðum skipt í tvo hluta. Annar þeirra snýr að Ingólfstorgi og Vallarstræti. Í þessum hluta er lögð áhersla á að viðhalda fjölbreytileika

**Helstu breytingar í tillögu
frá gildandi deiliskipulagi
Kvosarinnar, samþykkt
01.10.1987 eru að:**

- Fallið er frá því að rífa Aðalstræti 7 og viðbótar byggingarmagn minnkað
- Fallið er frá því að rífa Vallarstræti 4 og viðbótar byggingarmagn minnkað
- Fallið er frá því að rífa framhús Thorvaldsensstrætis 2 og viðbótar byggingarmagn minnkað
- Rishæð Thorvaldsensstræti 4 (Gamla Landsímahúsið) er hækkuð
- Thorvaldsensstr. 6 (yngra Landsímahús) er hækkað. Í gildandi skipulagi er 4 hæðir, en er nú 5 hæðir.
- Nýbygging við Kirkjustræti er minnkuð frá gildandi deiliskipulagi



og smágerðum mælikvarða byggðar og tengingu byggðarmynsturs við eldri byggð s.s. Grjótaborpinu. Hinn hlutinn sem hýst hefur Landsímamnn snýr að Thorvaldsens- og Kirkjustræti. Byggingar á þessum hluta eru yngri og stærri og tekur byggðarmynstur skipulagsins mið af því. Vikurgarður gegnir mikilvægu hlutverki á svæðinu með tengingu við Aðalstræti, Kirkjustræti, Austurvöll og Ingólfstorg.

Í meginatriðum felst tillagan í því að þróa uppbyggingu á svæðinu með tilliti til þeirrar byggðar sem fyrir er. Byggt verður í bil milli húsa við Vallarstræti og byggð nýbygging við Kirkjustræti eins og heimilt er í gildandi deiliskipulagi.

Í tillögunni er lögð áhersla á almannarými og eðlilegt flæði þeirra á milli. Það er gert m.a. með því að skilyrða starfsemi á götuhæðum sem þjónusturými og hvetja til nýtingar götu- og almenningssýma í tengslum við starfsemi. Jafnframt er opin tenging





um sund/port á milli Ingólfstorgs og Víkurgarðs til að styrkja tengingu þeirra. Lagt er til að Víkurgarður verði hverfisverndaður með tilliti til menningarminja, menningarsögu og trjágróðurs.

Tillagan miðar að því að skapa borg þar sem húsið, gatan og opna rýmið mynda órofa heild. Þar sem byggingar standa fast upp að götu eða opnu rými, en eru ekki aðskildar frá almenningsrýmum með

bilastæðum. Mikilvægt er að starfsemi á jarðhæðum efli og styrki líflegt mannlíf, nýti borgarland t.d. til útveitinga samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar þar um. Þetta gildir um austurhlið Landsímahúss að Austurvelli, suðurhlið að Kirkjustræti, vestur og suðurhlið að Víkurgarði og norðurhlið að Vallarstræti og Ingólfstorgi. Búa skal þessari starfsemi götugögnum við hæfi, þannig að ekki skapist hætta af og auðvelt sé að þrifa svæðið og

ganga um það á ákveðnum tímum. Ekki er heimilt að byrgja glugga á jarðhæðum götuhliða.

Í nýrri tillögu að deiliskipulagi eru á ákveðnum stöðum skertar áherslur hvað varðar landnotkun með eftirfarandi hætti:

- Gera skal ráð fyrir fjölnota sal á götuhæð Thorvaldsensstrætis 2 (bakhús), þar sem áður var salur Sjálfstæðisflokksins, síðar mótuneyti Pósts og síma og nú síðast skemmtistaðurinn Nasa. Salurinn skal byggður í svipaðri mynd og núverandi salur.
- Á efri hæðum húsa sem liggja að Vallarstræti er gert ráð fyrir þjónustuhúsnæði, skrifstofum eða íbúðum.





Fyrstu verðlaun vegna samkeppni um Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur ©Arkitektúr.

Hönnunarsamkeppnir á vegum hins opinbera

Á árinu 2012 hélt Framkvæmdasýsla ríkisins utan um þrjár hönnunarsamkeppnir innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttir
Bygging Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur mun rísa á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu. Byggingin verður um 4.000 m² að stærð. Byggingin verður tengd Háskólatorgi með göngum undir Suðurgötu. Samkvæmt gildandi skipulagi má reisa allt að 9.200 m² byggingu á lóðinni, þar af 7.200 m² ofanjarðar. Markmiðið með byggingunni er annars vegar að skapa aðstöðu fyrir starfsemi alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar og hins vegar að skapa góða aðstöðu til kennslu, rannsókna og miðlunar þekkingar um tungumál og menningu til almennings og vísindasamfélagsins.

Með starfseminni vill stofnunin heiðra það starf sem Vigdís Finnbogadóttir hefur unnið á alþjóðavettvangi sem velgjörðarsendiherra tungumála hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Alls bárust 43 tillögur í hönnunarsamkeppnina. Dómnefnd var ánægð með fjölbreytileika og frumleika í tillögum og sérstaklega vakti athygli hversu margir leituðust við að koma til móts við umhverfissjónarmið í tillögum sínum. Dómnefnd lagði áherslu á að hönnun byggingar félli vel að umhverfinu og tengdist vel annarri starfsemi á háskólasvæðinu. Einnig var horft til þess

Um var að ræða:

- Samstarf við Háskóla Íslands vegna samkeppni um Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Verðlaun afhent í maí 2012.
- Samstarf við Innanríkisráðuneytið vegna samkeppni um nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Verðlaun afhent í júní 2012.
- Samstarf við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg vegna samkeppni um Menntaskólann við Sund. Verðlaun afhent í október 2012.



Fyrstu verðlaun vegna samkeppni um
Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur ©Arkitektur.is

að lausnir væru einfaldar, hagkvæmar og hönnun húss tæki mið af vottunarkerfi Breeam fyrir vistvænar byggingar. Fyrstu verðlaun hlaut Arkitektur.is

Í umsögn dómnefndar um vinnings-
tillögu kemur fram að heildarlausn er
heillandi, fágúð og hnitmiðuð. Tillagan
leysir vel þær forsendur sem lagt var
upp með, en helstu kostir tillögu eru
ágæt tengsl við umhverfið og góð
innbyrðis tengl í byggingunni. Útlit er
fallegt og stílhreint og dregur form
hússins og landmótun athyglina að
gömlu loftskýtastöðinni sunnan við

húsið. Yfirbragð er stílhreint en fagað
og hæfir vel margþættri starfsemi
stofnunarinnar. Önnur verðlaun hlutu
T.ark – Teiknistofan Arkitektar og þriðju
verðlaun Arkiteó.

Nýtt fangelsi á Hólmsheiði

Bygging nýs fangelsis á Hólmsheiði
mun marka tímamót í sögu fangelsis-
mála á Íslandi, en í um hálfa öld hefur
staðið til að byggja nýtt fangelsi á
höfuðborgarsvæðinu. Síðasta sér-
smíðaða fangelsið, Hegningarhúsið
við Skólavörðustíg, var reist og tekið í
gagnid árið 1875, fyrir 140 árum síðan.


Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist
á þessu ári og að fangelsið verði tekið
í notkun 2015. Fyrirhugað er að reisa nýtt
gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi
með deild fyrir kvenfanga og aðstöðu
fyrir afplánun skemmri refsinga. Um
er að ræða fangelsisbyggingu með
56 fangarýmum, en brúttóflatarmál
nýs fangelsis verður að hámarki 3.700
m². Markmiðið er í fyrsta lagi að bæta
skilyrði til afplánunar refsinga með
því að byggja nýtt fangelsi er komi
í stað tveggja fangelsa sem ekki
uppfylla nútímakröfur og einnig í stað
gæsluvarðhaldsdeilda í fangelsinu
á Litla-Hrauni. Jafnframt verður
fangarýmum fjölgað. Í öðru lagi er
markmiðið að lækka rekstrarkostnað á
hvert rými um a.m.k. 10%.

Alls bærust 18 tillögur í hönnunar-
samkeppnina. Dómnefnd lagði mikla
áherslu á að heildarlausn byggingarinnar
myndi skila vandaðri byggingarlist, væri
hagkvæm, sveigjanleg og einföld auk
þess að leysa vel atriði er varðar öryggi
fanga og starfsfólks. Lögð var áhersla
á umhverfis- og vistfræðisjónarmið, s.s.
þætti sem hafa áhrif á heilsu og velliðan
og útisvæði fanga. Fyrstu verðlaun hlaut
Arkís arkitektar ehf.

Í umsögn dómnefndar um vinnings-
tillögu kom fram að um væri að ræða
mjög góða tillögu sem svaraði einstak-
lega vel áherslum dómnefndar, einkum
er gæsluvarðhaldspættinum gerð frábær



Fyrstu verðlaun vegna samkeppni um
Nýtt fangelsi á Hólmsheiði ©Arkís arkitektar



skil, sem og aðalvarðstofu og miðlægum rýmum. Þá eru aðstæður við aðalinngang og tengsl heimsóknaraðstöðu og viðtalsrýmis fyrir utanaðkomandi ráðgjafa vel leyst. Heildaryfirbragð byggingar er mjög áhugavert og tillagan gefur fyrirheit um einfalda, notadrjúga og látlausa byggingu sem samræmist stefnu um örugga og vel skipulagða afplánun. Önnur verðlaun hlutu Arkitektur.is og þriðju verðlaun Teiknistofan Tröð ehf.

Menntaskólinn við Sund

Árið 2003 var gerður samningur um stækkun og endurbætur á framhaldsskólum í Reykjavík og nú er komið að Menntaskólanum við Sund. Reisa skal um 2.700 m² viðbyggingu til að leysa úr húsnæðisvanda skólans. Verkefni MS er að skapa ungmennum skilyrði til góðrar menntunar sem nýtist þeim til starfa, frekara náms, lífs og þátttöku í samfélaginu.

Alls bárust 19 áhugaverðar tillögur um viðbyggingu og nýtt heildarskipulag skólans í samkeppnina. Dórnefndin leitaði eftir snjöllum hugmyndum með það að markmiði að finna tillögu sem leysir viðfangsefnið á heildstæðan hátt með vandaðri og góðri byggingarlist, þ.m.t. form, efnisval og heildaryfirbragð. Mikil áhersla var lögð á samspil við núverandi byggingar á lóðinni hvað varðar fyrirkomulag og yfirbragð, jafnframt því að lóðarfyrirkomulag yrði aðlagð að umhverfinu. Einnig að lausnir og efnisval sé ákjósanlegt með tilliti til endingar, rekstrarkostnaðar,



umhverfis- og vistfræðipáttá. Fyrstu verðlaun hlaut Skipulags-, Arkitekta- og Verkfræðistofan ehf.

Í umsögn dórnefndar um vinningstillögu kom fram að um sé að ræða hrifandi og hnitmiðaða tillögu sem vinnur vel með áherslur skólans svo úr verður heildstæð og spennandi bygging. Byggingin fellur vel að framsæknu skólastarfi samhliða því að gera hana að góðum granna í hverfinu. Viðbyggingin er byggð

á einföldum, uppbrotnum formum sem samræmist „skala“ núverandi byggingar. Gott samspil er þannig á milli núverandi bygginga og viðbyggingar og skírskotar hún að hluta til núverandi húsa bæði í formum og efnisvali, þó viðbyggingin hafi einnig sín sérkenni. Önnur verðlaun hlaut aðf Arkitektar og þriðju verðlaun Arkiteó.



Hugmyndasamkeppni um heildarskipulag Öskjuhlíðar

Öskjuhlíðin er eitt stærsta úti-vistarsvæðið í borginni og gegnir mikilvægu hlutverki

Í vor mun umhverfis – og skipulagssvið Reykjavíkurborgar efna til, í samvinnu með Félagi íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) til lokaðrar hugmyndasamkeppni um skipulag Öskjuhlíðar Tilgangur Reykjavíkurborgar með hugmyndasam-

keppni þessari er að fá heildarskipulag af Öskjuhlíðarsvæðinu sem stuðlar að fjölbreyttri notkun svæðisins til framtíðar og aðlögun að aðliggjandi svæðum.

Aðdragandi

Öskjuhlíðin er eitt stærsta útivistarsvæði borgarinnar og gegnir mikilvægu hlutverki í keðju opinna svæða í Reykjavík. Þar eru margar náttúru- og söguminjar og fjölskrúðugt náttúrulíf. Á miðju svæðinu er eitt af kennileitum borgarinnar, Perlun, sem nýlega hefur verið keypt af Reykjavíkurborg. Stefnt er að því að neðri hæð hússins muni hýsa náttúrugripasafn í framtíðinni en að veitingasala muni áfram vera á efri

hæðum Perlunnar. Á undanförunum árum hefur verið augin ásókn í framkvæmdir og uppbyggingu í Öskjuhlíðinni og því talið tímabært að setja stefnumörkun til framtíðar fyrir Öskjuhlíð.

Skemmtilegri Öskjuhlíð

Í þeim tilgangi að fá hugmyndir almennings um almenna nýtingu og hvernig efla mætti mannlíf og styrkja útivist í Öskjuhlíð var haldin opin hugmyndasamkeppni sumarið 2012 undir nafninu „Skemmtilegri Öskjuhlíð“. Ekki var gert ráð fyrir að þátttakendur þyrftu að setja fram heildarsýn fyrir allt svæðið, frekar að tillögur væru lausnir fyrir afmörkuð svæði eða almennar

hugmyndir um nýtingu. Leyfilegt var að senda inn tillögur í ýmsu formi, s.s. með ýmisskonar teikningum í ótilgreindum mælikvarða eða eingöngu í texta. Alls bárust 58 tillögur og voru úrslit tilkynnt í október 2012 þar sem tíu tillögur fengu viðurkenningu. Í flestum tillögnum sem bárust í keppnina má sjá hugmyndir að fjölbreyttari útivistarmöguleikum Öskjuhlíðarinnar án gagnberra umbyltinga eða mikils inngríps. Einnig endurspeglast í mörgum þeirra svipaðar áherslur, s.s. styrking stígakerfisins, hugmyndir um verndun og auknu fræðslugildi svæðisins ásamt margvíslegum hugmyndum að áningarstöðum og leiksvæðum. Niðurstaða opnu samkeppninnar

„Skemmtilegri Öskjuhlíð“ er ekki bindandi fyrir þessa fagsamkeppni um skipulag Öskjuhlíðar. Frekar má líta á opnu samkeppnina sem skoðanakönnun meðal almennings um nýtingu Öskjuhlíðar. Engu að síður er óhætt að segja að niðurstaða opnu samkeppninnar endurspegli á margan hátt þær áherslur sem útbjóðandi og dómnefnd setja fyrir þessa fagsamkeppni.

Afmörkun keppnissvæðisins

Svæðið afmarkast af ströndinni í Fossvogi í suður, Fossvogskirkjugarði, Duftkirkjugarðinum Sóllandi, Bústaðavegi og Flugvallarvegi í austur og norður. Afmörkun keppnissvæðisins í vestur er hinsvegar frjálst þar sem eitt af

markmiðum með samkeppninni er að fá hugmyndir að aðlöguðum Öskjuhlíðar að fyrirhugaðri byggð í Vatnsmýrinni. Í þessu samhengi er vert að vísa í samkeppni sem haldin var að skipulagi Vatnsmýrar árið 2007 þar sem tillaga Graeme Massie Architects var hlutskörpust.

Hér má sjá þá áherslurætti sem keppendur þurfa að hafa í huga við gerð tillagna. Þessir áherslurættir eru atriði sem útbjóðandi telur mikilvæga og dómnefnd mun hafa til hliðsjónar þegar tillögur eru metnar:

- Að skipulag svæðisins efla útivist og höfði til fjölbreytts notendahóps
- Að flæði umferðar, hvort sem það er gangandi, hlaupandi, hjólandi eða akandi verði samofið
- Að hugað verði að aðgengi fyrir alla og öryggissjónarmiðum við skipulag svæðisins
- Að svæðið verði skipulagt með fjölbreytni í huga
- Að vernda útsýni og opið rými á kolli Öskjuhlíðar
- Að útfærsla svæðisins taki mið að veðurfari og afstöðu til sólar
- Að sögulegar minjar svæðisins verði varðveittar og sérstaklega verði gætt að því að herminjar verði gerðar sýnilegar
- Að stuðla að góðu samspili og tengingu milli rýma
- Að huga að tenginu við Perluna og þá starfsemi sem húsið hýsir
- Að hugað verði að skynsamlegri gríjun skógarins og fjölbreyttara gróðurvali





Menningarminjar okkar allra

Ný lög um menningarminjar voru samþykkt á Alþingi 18. júní 2012 og tóku þau í gildi 1. janúar 2013

Við gildistöku nýju laganna sameinuðust Húsafríðunarnefnd og Fornleifavernd ríkisins í eina stofnun, Minjastofnun Íslands. Nýja stofnunin hefur yfirumsjón með heildarstefnu um verndun og varðveislu menningarminja og sér einnig um umsýslu tveggja sjóða, fornminjasjóðs og húsafríðunarsjóðs.

Markmið laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögunum er ætlað að auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum, skýra hugtök er þær varða og greiða fyrir rannsóknum. Gerðar voru ýmsar breytingar á minja-

vörslu í landinu. Sem dæmi má nefna að öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri verða friðuð og þeim má því ekki raska eða breyta nema með leyfi stofnunarinnar.

Í núgildandi lögum um húsafríðun, nr. 104/2001, eru hús sem byggð eru fyrir 1850 friðuð svo og kirkjur sem byggðar eru fyrir 1918. Með nýju lögunum verða eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim. Í núgildandi lögum er umsagnarskylda þessi miðuð við árið 1918.

Nýju lögín má finna á heimasíðu minjastofnunnar:

<http://www.husafriidun.is/>

Hin nýju lög um menningarminjar voru undirbúin í samhengi við þrenn lög, sem voru afgreidd frá Alþingi á síðasta ári:

- Safnalög
- Lög um Þjóðminjasafn Íslands
- Lög um skil menningarverðmæta til annarra landa.

Málþing um Vatnsvernd

Heildarenduskoðun vatnsverndunar-svæðisins er hafin. Áhugavert málþing um vatnsvernd var haldið 23. febrúar síðastliðinn

„Vatn virðir ekki landamæri því þarf breitt samráð og samstarf milli hagsmunaaðila,“ sagði Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og að heildarenduskoðun vatnsverndarsvæðisins væri hafin. „Neysluvatnið okkar er mjög gott en um er að ræða grunnvatn sem ekki þarf að meðhöndla áður en því er veitt á kerfið og er undir ströngu gæðaeftirliti,“ sagði hún á málþingi um vatnsvernd og að slíkt flokkaðist undir sjaldgæf gæði í borgum þessa heims.

Fundargestir voru sammála um að sjónarmið vatnsverndar vegi þyngra en önnur sjónarmið í Heiðmörk og að hagsmunaaðilar verði þarf af leiðandi að finna lausnir í samhljómi við það. Drykkjarvatn á Höfuðborgarsvæðinu er á velskilgreindu vatnsverndarsvæði sem m.a. er í Heiðmörk. Orkuveita Reykjavíkur efndi til málþings um þessa auðlind höfuðborgarbúa.

Málþingið var haldið 23. febrúar 2013 á Hótel Natura í Vatnsmyrinni. Formælendur voru Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri Orkuveitunnar, og Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Snorri Halldórsson, deildarstjóri gæðamála hjá Actavis á Íslandi.



Heiðmörk

Ávallt skal hyggja að afleiðingum

Áhugi kemur reglulega fram um að framkvæma mætti nokkrar hugmyndir á svæðinu eða í nánd við það. Fram kom á málþinginu að ávallt væri mikilvægt að gera sér grein fyrir afleiðingum og áhættu sem fylgir hverri hugmynd sem gerð er á vatnsverndarsvæðinu.

Áhyggjur fundargesta snerust m.a. um tvöföldun Suðurlandsveggar, flugvöll, fyrirhugað athafnasvæði á Hólmsheiði, fjölsóttan ferðamannastað við Þríhnúka og Suðvesturlínur. Hólmfríður Sigurðardóttir spurði meðal annars hvort ekki væri ráð að sammælast um að aðgangur fólks og fyrirtækja að neysluvatninu í Heiðmörkinni gangi öðrum hagsmunum framár í umsvifum í framtíðinni.

Útivist í Heiðmörk

Heiðmörkin er dýrmætt útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu og á málþinginu komu meðal annars fram sjónarmið hestamanna, veiðimanna, skokkara, skógræktarfólks og þeirra sem eiga sumarhús í Heiðmörkinni. Markmið þingsins var að varpa fram sem flestum sjónarhornum og hvetja alla til að skoða

svæðið út frá sjálfbærni og hagsmunum næstu kynslóðar. Fundargestir voru ánægðir með að geta skipst á skoðunum og komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Neysluvatn Reykvíkinga

Neysluvatn Reykvíkinga er alfarið grunnvatn. Vatnið er ómeðhöndlað áður en því er veitt á kerfið og er undir ströngu gæðaeftirliti. Heilbrigðisnefndir Hafnarfjarðar- og Kópavogsvæðis, Kjósarsvæðis og Reykjavíkur hafa eftirlit með vatni á höfuðborgarsvæðinu og einnig starfar framkvæmdastjórn sex sveitarfélaga um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.

Til samanburðar má nefna að drykkjarvatn Stokkhólmsbúa er yfirborðsvatn, tekið úr stöðuvatninu Mälaren. Vatnið fer í gegnum þriggja þrepa hreinsun í vatnsveitukerfinu eftir að búið er að grófhreinsa vatnið áður en það fer inn í vatnsveitukerfið. Vatnið er kalkað áður en því er veitt út í kerfið ásamt því að 40% af vatnsmagninu eru geisluð með útfjólubláu ljósi og í um 60% er það klórbætt.

HönnunarHlemmur á HönnunarMars

Hlemmur hefur verið miðstöð almenningssamgangna í miðborginni í áratugi en hvað gerist nú þegar sú starfssemi flytur annað? Hlemmur heldur áfram að vera til en hvers konar Hlemmur verður það?

Á HönnunarMars heldur Reykjavíkurborg upp á HönnunarHlemm en þar mun borgarbúum og öðrum vinum Hlemms gefast tækifæri á að koma sínum hugmyndum um framtíð Hlemm á framfæri á skemmtilegan hátt. Þar að auki verða ýmis verkefni umhverfis- og skipulagssviðs sem hafa áhrif á borgarmyndina undanfarið kynnt almenningi. Þau verkefni verða ýmist stefnumótun eða ásjúnd borgarinnar.

Sýningin opnar fimmtudaginn 14.mars kl 20 og stendur sýningin fram á sunnudag. HönnunarMars fer fram dagana 14. - 17. mars 2013.

Sjáumst á HönnunarHlemm!

Miðborgin og Hlemmur ©RagnarTH



HönnunarMars
DesignMarch
Reykjavík
14.–17.03.2013

Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar

www.skipbygg.is
skipulagssja.skipbygg.is

Borgartúni 12–14
 105 Reykjavík
 Sími: 411–1111
skipulag@reykjavik.is

Ábyrgðarmaður:
 Ólöf Örvarsdóttir

Ritstjórar:
 Björn Ingi Edvardsson og
 Valný Aðalsteinsdóttir

Hönnun og umbrot:
 Vinnustofa Atla Hilmarssonar
 Prentun: Prentmet



Reykjavíkurborg

Forsiðumynd:
 Ragnar Th. Sigurðsson